

Alþingi
Erindi nr. P 133/938
komudagur 13.2.2007

EYÞING – Samband sveitarfélaga í Eyjafirði og Þingeyjarsýslum –
Strandgötu 29; 600 Akureyri; Sími 464-9933; kt. 561192-2199; Netfang eything@eything.is

Akureyri 13. febrúar 2007

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8 - 10
150 Reykjavík


Stjórn Eyþings hefur fengið til umsagnar frá samgöngunefnd Alþingis frumvarp til vegalaga, 437. mál, heildarlög. Stjórnin samþykkti eftirfarandi:

Stjórnin vill benda á að í skýringum við 14 grein frumvarpsins kemur eftirfarandi fram: „**Telja verður að ákvæði þetta feli jafnframt í sér að vegamálastjóra sé heimilt að gera samninga um einkaframkvæmd tiltekinna vegamannvirkja, eins og nánar er ákveðið í samgönguáætlun.**“ Stjórn Eyþings telur að skerpa þurfi 14. gr. frumvarpsins þannig að ótvírætt sé hvað átt er við.

Þá vekur það athygli að hvergi er um það fjallað í frumvarpinu hvernig fara skal um bætur fyrir efni þar sem farið er í gegn um fjöll (jarðgöng). Að mati stjórnarinnar er nauðsynlegt að kveðið verði á um þetta í vegalögum, svo sem að greiddar verði bætur fyrir efni úr allt að fyrstu 30 metrunum inn í fjall og þannig litið á þá sem námu.

Stjórn Eyþings gerir að öðru leyti ekki athugasemdir við frumvarpið.

f.h. stjórnar Eyþings



Þétur Þór Jónasson
framkv.stjóri